

Nd.

504. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á fjórum fundum. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni, er kom fram við frumvarpið við 1. umræðu í Nd., kallaði nefndin á sinn fund eftirtalda aðila: Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra, formann nefndarinnar er samdi frumvarpið, Ingimar Sigurðsson úr heilbrigðisráðuneyti, sem hefur unnið að frumvarpsgerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, Þóri Hilmarsson brunamálastjóra, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands isl. sveitarfélaga og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, og kynnti nefndin sér viðhorf þessara aðila.

Nefndin er sammála um að þær breytingar, er gerðar eru á frumvarpinu í Ed., hafi verið til bóta. Ráðgert er að afgreiða frumvarpið sem lög fyrir þinglok og tími er því naumur til að bera fram breytingartillögur.

Þrátt fyrir þau ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir að endurskoðun laganna skuli fara fram eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra, telur nefndin nauðsyn bera til, vegna ágreinings um túlkun ýmissa ákvæða í frumvarpinu svo og margra óljósra atriða, að stjórnvöld láti í sumar gera úttekt á gildissviði og framkvæmd laganna, að því er varðar ýmsar stofnanir, ný lagafrumvörp og eldri lög, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli undir hin nýju lög að einhverju eða öllu leyti. Jafnframt verði lögð fram áætlun um rekstrarkostnað Vinnueftirlits og sparnað sem sameining stofnana leiðir til.

Nauðsynlegt er að þessi úttekt liggi fyrir áður en Alþingi kemur saman á ný næsta haust, svo að Alþingi geti gert viðeigandi lagabreytingar, ef ástæða þykir til, áður en lögin taka gildi 1. janúar 1981.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir, enda liggja fyrir að ríkisstjórnin fallist á álit nefndarinnar skv. framansögðu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. maí 1980.

Alexander Stefánsson,
form., frsm.

Friðrik Sophusson,
fundaskr.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðm. J. Guðmundsson.

Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.

Jóhann Einvarðsson.